

Fatnaður

Þvo skal allan fatnað fyrir brottför. Ef ekki er unnt að þvo flíkur í þvottavél skal ryksuga þær eða strjúka yfir þær með bursta eða klút til að fjarlægja óhreinindi og plöntuleifar. Ef ekki reynist unnt að hreinsa fatnað með viðunandi hætti skal þeim skipt út fyrir annan sem auðveldara er að hreinsa og/eða plöntur, dýr og jarðvegur eiga erfitt með að festast í.

Yfirfara skal sauma, vasa, rennilása, uppábrot og misfellur á flíkum þar sem plöntuleifar og fræ geta safnast fyrir og hreinsa.

Hreinsa vel franska rennilása þar sem sina og fræ geta fest í þeim.

Ath sérstaklega lopa og aðrar loðnar flíkur að ekki séu að finna í þeim plöntuleifar og fræ þar sem plöntur og dýr geta auðveldlega fest sig í þeim.

Skór

Öll sjáanlega óhreinindi af skóm og stígvélum skulu hreinsuð með vatni og sólar skrubbaðir.

Fjarlægja skal reimar úr skóm og hreinsa plöntuleifar sem safnast í tungukverkarnar áður en þær eru settar aftur í skónna

Farangur og verkfæri

Yfirfara skal sauma, vasa, rennilása, uppábrot og misfellur á töskum/bakpokum þar sem plöntuleifar og fræ geta safnast fyrir og hreinsa.

Farangur skal geymdur á svæðum þar sem hann kemst ekki í snertingu við plöntur, dýr eða jarðveg áður en borin er um borð í báta/þyrlur fyrir flutning út í Surtsey.

Strjúka af hörðum flötum og ryksuga upp úr kistum og öðrum hirslum plöntuleifar og jarðveg ef sjáanlegt.

Yfirfara skal allan búnað og hirslur með búnaði fyrir brottför til að tryggja að ekkert leynist þar sem óheimilt er að flytja til eyjarinnar.

Hreinsa skal öll verkfæri, svo sem þrífætur, göngustafi, skóflur og þess gætt að engin sjáanleg óhreinindi séu á sléttum flötum og í sprungum eða kverkum í verkfærinu.

Sorp og úrgangslosun

Flytja skal allan úrgang frá eyjunni að dvöl lokinni. Sé þess unnt skal leita leiða til að flokka endurvinnanlegan úrgang. Séu fullir ruslapokar geymdir utan skálans skal þess gætt að mávar og hrafnninn komist ekki í pokana. Ganga skal tryggilega frá sorpinu fyrir flutning til að koma í veg fyrir að ruslapokar eða önnur ílát rifni eða opnast og innihaldið dreifist úr þeim.

Heimilt er að kasta af sér þvagi á ákveðnum svæðum við Pálsbæ. Af hreinlætisástæðum er staðsetning þeirra staða ákveðin í upphaf leiðangurs og merktar með því að grafa þar holu sem pissa skal í. Aðstaðan er kynjaskipt. Óheimilt er að „vökva“ plöntur í Surtsey en þvagið virkar sem áburður og getur haft áhrif á vöxt plantna.

Hægðarlosun skal takmarkast við fjöruna neðan við Gústavsberg hafi hópurinn ekki gert aðrar ráðstafanir svo sem með ferðasalernum. Skal sú losun fara fram eins nálægt sjávarmáli og hægt er án þess að öryggi viðkomandi sé ógnað. Hylja skal saurinn með grjóti svo hann fljóti ekki um í sjónum í næsta flóði. Ákveði hópur að taka með sér ferðasalerni til eyjarinnar skal losun þess fara fram utan friðlandsins.